# AUGLÝSING

**um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar
á tillögum að breyttu deiliskipulagi.**

*Smárinn vestan Reykjanesbrautar. Bílastæðahús. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 28. apríl 2020 tillögu að breyttu deiliskipulagi norðan Smáralindar, Hagasmára 1. Deiliskipulagsbreytingin felst í breyttu fyrirkomulagi bílastæða við Smáralind og fyrirhuguðu þriggja hæða bílastæðahúsi fyrir 310 bíla norðan Smáralindar.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Fagraþing 1 og Glæsihvarf 4. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 14. apríl 2020 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Fagraþing 1 og Glæsihvarf 4. Deiliskipulagsbreytingin felst í að í stað tveggja lóða á svæðinu er gert ráð fyrir þremur lóðum, Fagraþingi 1, 1a og Glæsihvarfi 4. Á lóð nr. 1 við Fagraþing er nú þegar 186 m² einbýlishús ásamt 47 m² bílgeymslu. Á óbyggðu lóðunum tveimur er fyrirhugað að byggja íbúðarhús, allt að 300 m² á hvorri lóð.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 11. júní 2020.*

**Birgir Hlynur Sigurðsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 16. júní 2020